

tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

III.

Sveitarstjórnir skulu eigi síðar en árið 2002 hafa lokið úttekt á ástandi skv. 44. gr. og skilað Náttúruvernd ríkisins skriflegri greinargerð þar að lútandi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um Lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Heiti sjóðsins, hlutverk, aðild og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem kveðið er á um í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktu sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar. Einnig eru sjóðfélagar íslenskir sjómenn sem ráðnir eru á útlend skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimildina að öðru leyti fer eftir lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hafði veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum sem hætta störfum á sjó skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þeim sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum í rekstri erlendra aðila að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem hvort um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Sjóðstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 6%.

Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldshluta. Á þeim skipum þar sem hver mánuður telst sérstakt launatímabil er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil er gjalddagi iðgjalds 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalds lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skal innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur um það frá sjóðnum.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

II. KAFLI Lífeyrisréttindi.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigáútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutadeigandi sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- og örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,496.

Heimilt er sjóðfélagi sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip eða erlend í útgerð íslenskra aðila í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga ár hvert, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda. Skulu réttindi reiknuð á ný við 65 ára aldur.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en eitt stig hvert þessara þriggja ára,
- greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a- og b-lið 1. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufar og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann, svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldgreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 9. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknað skv. 6. mgr. þessarar greinar. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldgreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við áunnin geymd stig.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 60 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- b. Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. a-lið meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum en síðan til 60 ára aldurs reiknað með fjórum stigum á ári.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan eykst til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan jókst ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til 60 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hinn eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfé-

laga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 10. gr. um iðgjaldgreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, eða greiðsla skv. 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,792. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir að lágmarki vera 7.500 kr. með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfaranda barnsins.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

13. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er ótryggur og ætla má að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum sjóðsins.

14. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna, og reglugerð um starfsemi sjóðsins frá 1. september 1994. Þó skulu ákvæði reglugerðarinnar um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga halda gildi sínu til 30. júní 1999. Frá 1. júlí 1999 gilda ákvæði laga þessara og samþykktá sjóðsins sem settar verða á grundvelli laga um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga. Ný stjórn sjóðsins skv. 3. gr. skal taka við eftir fyrsta ársfund sjóðsins sem haldinn skal fyrir lok júní 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 1,505 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 11. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 0,797 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG**um veitingu ríkisborgararéttar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Elín Siv Káradóttir, barn í Noregi, f. 17. ágúst 1997 á Indlandi, skal öðlast ríkisborgararétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.